

Gerðarþoli er ekki mættur en fyrir hann mætir Sigríður Sigvaldsdóttir (sic) að tilhlutan fógeta og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu gagnvart mætta. Fógeti skorar á mætta að greiða umkrafða skuld, hún kveðst ekki greiða. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í bifreiðinni Ö-4126, Chevrolet Malibu árg.. 1979 eign gerðarþola.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar. Fógeti mun taka að sér að tilkynna gerðarþola um gerðina og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt í bága við gjörð þessa, að viðlagðri refsíábyrgð að lögum. Þannig fram farið.

Miðvikudaginn 1. apríl 1987.

Nr. 133/1986. **Guðmundur Víðir Vilhjálmsson**

(Þórólfur Kr. Beck hrl.)

gegn

Mjólkursamsölunni í Reykjavík

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

og Erlingi Steingrímssyni

(enginn)

Máli að hluta vísað frá Hæstarétti. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. apríl 1986. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda Mjólkursamsölnnar og að hún verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann gerir engar kröfur á hendur stefnda Erlingi, og ber því að vísa málinu frá Hæstarétti að því er hann varðar.

Af hálfu stefnda Mjólkursamsölnnar var í greinargerð til Hæstaréttar gerð krafa um að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur gagnvart áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur

kröfunni verið breytt á þann veg, að þess er krafist, að áfrýjandi og stefndi Erlingur Steingrímsson verði dæmdir in solidum til þess að greiða Mjólkursamsölnunni í Reykjavík 103.145,29 krónur með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af 17.802,21 krónum frá 1. apríl 1985 til 1. maí 1985, af 42.161,68 krónum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% af 69.686,22 krónum frá þeim degi til 1. júlí 1985, og með 3,5% dráttarvöxtum af 103.145,29 krónum frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 1.233,00 krónur vegna eldri dráttarvaxtaskulda og 35.000,00 krónur í málskostnað í héraði og málskostnað í Hæstarétti.

Stefndi Erlingur Steingrímsson hefur eigi sótt þing fyrir Hæstarétti.

Kröfur stefnda Mjólkursamsölnunnar á hendur stefnda Erlingi Steingrímssyni ber að vísa frá Hæstarétti þar sem Mjólkursamsalan áfrýjaði málinu eigi gagnvart Erlingi.

Af hálfu áfrýjanda var því haldið fram í málflutningi fyrir Hæstarétti að vísa beri málinu frá dómi af sjálfsdáðum þar sem eigi hafi mátt höfða það sem áskorunarmál.

Mál þetta er höfðað til heimtu peningaskuldar vegna lausafjárkaupa sem stefnda Mjólkursamsalan hafði efnt af sinni hálfu. Er það því réttilega höfðað sem áskorunarmál. Eigi eru heldur að öðru leyti nein efni til þess að ómerkja héraðsdóm og vísa málinu frá.

Áfrýjandi og stefndi Erlingur keyptu Finnsbúð í sameiningu með samningi 18. maí 1984. Fór vöruúttektin fram í nafni Finnsbúðar. Áfrýjandi telur að rekstur verslunarinnar hafi verið í höndum Kaupþúns h/f. Hvað sem því líður verður ekki séð að nokkru sinni hafi komist á neitt viðskiptasamband milli Mjólkursamsölnunnar og Kaupþúns h/f né að Mjólkursamsölnunni hafi verið kunnugt um tilvist hlutafélags þessa. Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er áfrýjanda varðar, þó þannig að vextir frá uppkvaðningu héraðsdóms verði í samræmi við auglýsta dráttarvexti frá þeim tíma, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða

stefnda Mjólkursamstölunni 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar stefnda Erling Steingrímsson.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er áfrýjanda, Guðmund Víði Vilhjálmsson, varðar, þó svo að vextir af dæmdri kröfu, 103.145,29 krónum, verði frá 17. janúar 1986 sem hér segir: 42% ársvextir til 1. mars 1986, 33% ársvextir frá þeim degi til 1. apríl 1986, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1987 og 30% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda Mjólkursamsölunni 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. janúar 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 9. þ.m., höfðaði Mjólkursamsalan í Reykjavík, nnr. 6585-6522, Laugavegi 162, Reykjavík, með stefnu birtri 26. og 27. ágúst sl., gegn Erlingi Steingrímssyni, nnr. 2208-7592, stýrimanni, Stekkjarhvammi 29, Hafnarfirði og Guðmundi Vilhjálmsyni, nnr. 3116-7434, flugvirkja, Asparlundi 8, Garðabæ, persónulega og fyrir hönd fyrirtækis þeirra Finnsbúðar sf., nnr. 2332-2293, Bergstaðastræti 48, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda kr. 103.145,29 með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 17.802,21 frá 1. apríl 1985 til 1. maí 1985, með 4% dráttarvöxtum af kr. 42.161,68 frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum af kr. 69.686,22 frá þeim degi til 1. júlí 1985, af kr. 103.145,29 frá 1. júlí 1985 til greiðsludags, kr. 1.233,00 vegna eldri dráttarvaxtaskulda auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að stefnandi reki verslun hér í borg með framleiðsluvörur sínar sem séu m.a., brauð- og mjólkurvörur og ávaxtasafi. Hin umstefnda skuld sé vegna úttektar á slíkum vörum hjá stefnanda tímabilið febrúar 1985 til maí 1985 sem hér segir:

„Brauðreikningur, dags. febrúar 1985,	kr. 17.802,21
— — mars 1985	— 24.359,47
— — apríl 1985	— 19.340,33
— — maí 1985	— 8.790,41
Floridanareikn., — maí 1985	— 845,93
Mjólkurreikningur — 1.-8.4. 1985	— 3.605,81
— — 24.-30.4. 1985	— 4.578,40
— — 1.-8.5. 1985	— 1.697,19
— — 9.-15.5 1985	— 9.325,54

Að auki er krafist greiðslu á eldri dráttarvaxtaskuldum sbr. brauðreikningur (sic), dags. febrúar 1985, kr. 614,00 og brauðreikningur (sic), dags. mars 1985, kr. 619,00. Jafnframt er krafist greiðslna á kr. 12.800,00 vegna bakfærðra fyrirframgreiðslna, sbr. reikningur dags. 16.-23.5. 1985.“

Við munnlegan málf lutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að stofnast hafi til úttektarsambands á milli stefnanda og stefndu sem staðið hafi frá því í maí 1984 og þar til í maí 1985. Stefnandi hafi staðið við sinn hluta samningsins en ekki stefndu þar sem stefnandi hafi ekki fengið greidda reikninga þá sem málið er af risið.

Fullyrðingum af hálfu stefndu um aðildarskort var sérstaklega mótmælt. Ekkert liggir fyrir um það, að stefndu hafi selt Finnsbúð til Kaupþúns hf. Aldrei hafi stofnast til úttektarsambands á milli stefnanda og Kaupþúns hf. Hvorki hafi stefndu tilkynnt til firmaskrár um kaup sín á Finnsbúð né að Finnsbúð hafi hætt störfum.

III.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að hinn 18. maí 1984 hafi stefndu keypt verslunarrekstur verslunarinnar Finnsbúðar, Bergstaðastræti 48, Reykjavík. Hinn 1. júní 1984 hafi stefndu ásamt fleirum stofnað hlutafélagið Kaupþún hf. sem hafi yfirtekið verslunarrekstur þar sem áður var verslunin Finnsbúð og hafi hlutafélagið rekið verslun í því húsnæði í eigin nafni þar til 12. maí 1985 er verslunarreksturinn hafi verið seldur.

Stefndu hafi aldrei persónulega komið nálægt verslunarrekstri í þessu húsnæði né undir nafninu Finnsbúðar sf. Svo virðist sem stefnandi hafi kosið að stíla reikninga á Finnsbúð sennilega af vana en ekki á Kaupþún hf.

Sýknukrafa stefndu er rökstudd með því að þeir hafi aldrei persónulega

tekið við vörunum enda sé málið persónulega þeim með öllu óviðkomandi.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda Erlings að hann hafi aldrei komið nálægt rekstri Finnsbúðar. Hér hafi réttum aðilum ekki verið stefnt, en því sé ekki mótmælt að varan hafi borist Kaптúni hf.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda Guðmundar að hann hafi hvorki rekið Finnsbúð né Finnsbúð sf.

IV.

Álit dómarans.

Við aðalflutning málsins komu fyrir dóm til yfirheyrslu þau Ingibjörg Hauksdóttir, starfsmaður stefnanda og stefndi Guðmundur Vilhjálmsson.

Í framlögðum kaupsamningi kemur fram að stefndu keyptu 18. maí 1984 matvöruverslunina Finnsbúð, Bergstaðastræti 48, Reykjavík, af þeim Sigurði Guðbjörnssyni og Páli Jónssyni á kr. 1.000.000,00. Ekkert í kaupsamningi þessum gefur til kynna að verið sé að selja sameignarfélag. Ekki var tilkynnt til firmaskrár Reykjavíkur um sölu þessa fyrr en eftir höfðun máls þessa eða 18. september 1985, að þeir Sigurður og Páll tilkynntu um söluna og tóku þar fram að þeir hefðu selt firmað Finnsbúð sf. Hinn 26. nóvember 1985 tilkynnti stefndi Guðmundur til firmaskrárinnar að hann hefði ekki staðið að rekstri Finnsbúðar sf.

Hinn 1. júní 1984 stofnuðu stefndu hlutafélagið Kaптún. Skráður tilgangur félagsins var hvers konar verslunar- og veitingastarfsemi, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Hlutfé var kr. 50.000,00. Fullyrðingar af hálfu stefndu um að Kaптún hf. hafi yfirtekið verslunarrekstur þar sem áður var verslunin Finnsbúð eru ósannaðar. Ekki hefur verið sýnt fram á að nafn Kaптúns hf. hafi verið notað í sambandi við verslunarrekstur að Bergstaðastræti 48. Ekkert liggur fyrir um að Kaптún hf. hafi keypt verslunina Finnsbúð af stefndu. Hér er og á kaupverð verslunarinnar kr. 1.000.000,00 og hlutfé Kaптúns hf., kr. 50.000,00 að líta.

Eftir að stefndu keyptu Finnsbúð var haldið áfram verslunarrekstri að Bergstaðastræti 48 og um þann rekstur sáu stefndu. Vegna þessa rekstrar afhenti stefnandi vörur að Bergstaðastræti 48 og til margra mánaða voru reikningar frá stefnanda vegna þessara viðskipta, sem stílaðir voru á Finnsbúð, greiddir án athugasemda.

Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á aðild stefndu að Finnsbúð sf., þá verða stefndu ekki dæmdir fyrir hönd þess fyrirtækis, en með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan verða kröfur stefnanda á hendur stefndu persónulega teknar til greina, og verða stefndu því dæmdir til þess að greiða stefnanda in solidum dómkröfu stefnanda, sem er í samræmi við framlagaða reikninga, með vöxtum eins og krafist er.

Málskostnaður ákveðst kr. 35.000,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Erlingur Steingrímsson og Guðmundur Vilhjálmsson, greiði in solidum stefnanda, Mjólkursamsölnunni í Reykjavík, kr. 103.145,29 með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 17.802,21 frá 1. apríl 1985 til 1. maí 1985, af kr. 42.161,68 frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum af kr. 69.686,22 frá þeim degi til 1. júlí 1985 og með 3,5% dráttarvöxtum af kr. 103.145,29 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.233,00 vegna eldri dráttarvaxtaskulda og kr. 35.000,00 í málskostnað.

Nr. 73/1986. Miðvikudaginn 1. apríl 1987
Guðmundur Víðir Vilhjálmsson
 (Þórólfur Kr. Beck hrl.)
 gegn
Osta- og smjörsoleunni s/f
 (Ólafur Axelsson hrl.)
 og **Erlingi Steingrímssyni**

Áskorunarmál. Máli að hluta vísað frá Hæstarétti. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómamarnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi hefur að fengnum áfrýjunarleyfum 3. febrúar 1986 skotið til Hæstaréttar með stefnu 27. s.m. áritun á áskorunarstefnu 20. maí 1985 og fjárnámsgerð sem fram fór í fógetarétti Garða-kaupstaðar 14. júní 1985. Hann krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi en til vara að hann verði sýknaður af kröfum stefnda Osta- og smjörsoleunnar s/f. Þá krefst hann þess að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Osta- og smjörsoleunnar s/f. Á hendur stefnda Erlingi Steingrímssyni gerir hann engar kröfur, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti að því er hann varðar.